

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: BN	Fundur nr. :	
Fundarritari: MI	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Brynjar Níelsson (BN) Ólafur Sigmarsson (ÓS) Hrannar Erlingsson (HE) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Matthías Imsland (MI) Dagbjört Hannesdóttir (DH) Gunnar Björn Helgason (GH)	Dagsetning:	9.4. 2025
	Frá kl.:	18:00
	Til kl.:	19:00
	Næsti stjórnarfundur: Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Var samþykkt rafrænt milli funda
2	<u>Ársreikningur</u> Kynntur ársreikningur fyrir 2024. Hagnaður var af rekstrinum sem nemur rúmlega 4 milljónum. Eigið fé er rúmlega 130 milljónir. Stjórn lýsir yfir mikilli ánægju með reksturinn og stöðuna á Sambandinu.
3	<u>Ársþing</u> Ársþing verður haldið strax að lokinni spilamennsku í FÁ, fyrirkomulagið undanfarin ár hefur heppnast mjög vel. Allir stjórnarmenn gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ein lagabreyting liggur fyrir fundinum sem er óveruleg breyting. Stjórn mun gera þá tillögu að bronsstigagjald hækki í 220 og silfurstigagjald í 440.
4	<u>Undanúrslit</u> 36 sveitir eru skráðar til leiks, rætt um mikilvægi þess að fá spilara með minni reynslu til að mæta á Íslandsmót. Mótið verður haldið í Fjölbrautaskólanum við Ármúla en samstarf við skólann hefur verið mjög gott.
5	<u>Bridgemaður ársins</u> Ákveðið var hver yrði bridgemaður ársins en verðlaunin verða afhent á sunnudag. Valið er nokkuð huglægt, hugað er að mörgum þáttum, frammistöðu, áhuga, þátttöku í félagsstarfi sem og hvatningu. Eru verðlaunin hugsuð sem ákveðin heiðurs og hvatningaverðlaun og þá jafnvel litið til lengri tíma en bara síðasta árs.
6	<u>Kjördæmamót/NM</u> Kjördæmamót verður haldið í byrjun maí á Borgarfirði eystri. Vesturland verður ekki með að þessu sinni. NM lítur vel út en flest löndin er að senda mjög sterk lið. Strax eftir páska þarf að gefa í með undirbúning og skipta með okkur verkum.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
7	<p data-bbox="336 264 469 297"><u>Reksturinn</u></p> <p data-bbox="336 309 1366 416">Reksturinn gengur vel og er heldur betri en áætlun. Það er þó mjög mikilvægt að finna fleiri styrktaraðila til að efla stoðir undir rekstrinum. Eins er mikilvægt að mót standi undir sér og mótagjöld fylgi verðlagi.</p> <p data-bbox="336 427 1390 535">Sjoppan gengur nokkuð vel en Sigrún hefur staðið vaktina fyrir Bridgesambandið, það er þó ekki mikill afgangur af rekstri sjoppunar en um er að ræða mikilvæga þjónustu við spilara.</p>
8	<p data-bbox="336 560 469 593"><u>Önnur mál</u></p> <p data-bbox="336 604 794 638">Ekkert mál kom fram undir önnur mál.</p>